

56 verði að viðgjörð við kirkjuna á Vestmannaeyjum, sem er eign landssjóðs, megi fram fara á yfirstandandi vori, og að greiða megi af tekjum kirkjunnar kostnaðinn við þetta, en hann mun samkvæmt áætlun er gjörð hefir verið, nema 166 kr.

Út af þessu leggst jeg eigi undir höfuð að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, að tillögur þessar eru samþykktar.

57 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um embættisveitingu.* — 17. apríl. Í brjefi þessu kemst ráðgjafinn meðal annars svo að orði út af veitingu á Ísafjarðarsýslu: „Jafnvel þó ekki hefði þótt neitt athugavert, í líkingu við það, sem áður hefir átt sjer stað í slíkum tilfellum, að koma fram með allraþegnlegasta tillögu um, að Stefán sýslumaður Bjarnarson mætti álitast, sem ekki skipaður sýslumaður í Árnessýslu, hefir ekki orðið tekið tillit til bótarbrjefs hans, þar eð beiðni hans um embættið var skýlaust bundin því skilyrði, að nýtt veitingarbrjef yrði gefið út handa honum og launin reiknuð eptir 4. og 5. gr. í lögum 14. desbr. 1877; en það hefði verið að fara í kringum ákvarðanir 7. gr. laga þessara, ef þetta hefði verið veitt, eins og það einnig hefði getað haft afleiðingar í öðrum tilfellum.

58 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um hitavjel í dómkirkjuna.* — 17. apríl. Í þóknanlegu brjefi, dags. 22. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sökum beiðni, er komið hafði frá dómkirkjuprestinum í Reykjavík, lagt það til, að nú, er stendur til að gjöra við nefnda kirkju, verði meðfram sjeð um, að hún verði upphituð og í því skyni settir í hana tveir ofnar af hæflegri stærð og fyrirkomulagi svo og hitapfur o. fl. allt samkvæmt tillögum er samdar hafa verið, af yfirsíðnum yfir viðgjörð dómkirkjunnar. Mælist þjer því til þess, að yður verði falið á hendur að semja við yfirsíðinn um að útvega hina nefndu ofna með öllu sem þar tilheyrir og að framkvæma vinnu þá, er stendur í sambandi þar við, fyrir allt að 2000 kr. af upphæð þeirri, sem ætluð er dómkirkjunni til viðgjörðar.

Þar eð ráðgjafinn hlýtur að fallast á það, sem þjer, herra landshöfðingi, hafið tekið fram um að slík ráðstöfun eigi vel við eptir því sem nú er á statt, læt jeg eigi undanfalla þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að framanskrifaðar tillögur eru þjer með samþykktar.

Í sama brjefi getið þjer, herra landshöfðingi þess, að tilefni gæti verið til að útvega uppdrátt og áætlun um alþingishús, er meðfram mætti koma stíptsbókasafninu og forngripasafninu fyrir í, og að leggja fyrir alþingi það, sem kemur saman í ár, uppástungu um að veita fje það, sem þarf á að halda til að reisa slíkt hús fyrir, og skal yður því jafnframt þjónustusamlega tjáð, að þjer megið búast við nánari tilkynningu um þetta.

59 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um póstgufuskipið „Díonu“.* — 17. apríl. Út af umkvörtunum þeim, er fylgdu þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi frá 29. nóvember f. á. yfir því, að póstgufuskipið Diana hefði eigi á ferð sinni norðan um landið í septembermánuði f. á. komið við á Skagaströnd var skrifað innanríkisstjórninni, og hefir hún nú að fengnum skýrslum bæði frá skipstjóra nefnds póstgufuskips er þá var, premierlieutenant Wandel og frá sjóforingja Lütken, er leggur póst-